



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. apríl 2007
Tilvísun: UST20070200009/sf

Norðausturvegur til Vopnafjarðar, Brunahvammsháls - Vopnafjörður. Frummatsskýrsla.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 1. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum Norðausturvegar til Vopnafjarðar, Brunahvammsháls - Vopnafjörður.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við frummatsskýrsluna.

Framkvæmdalýsing

Fyrirhugað er að leggja nýjan veg sem tengir Vopnafjörð við Hringveg. Vegurinn verður hluti af Norðausturvegi og verður um 24-42 km langur, háð leiðarvali. Fimm valkostir eru lagðir fram í frummatsskýrslu, þ.e. leið 1, svokölluð Vesturárdalsleið með tveimur valkostum á kafla frá Hauksstöðum að núverandi Norðausturvegi í Vopnafirði og leið 2, svokölluð Hofsárdalsleið með tveimur valkostum á kafla frá Steinvarartungu að núverandi Norðausturvegi í Hofsárdal. Einnig er lögð fram vegtenging frá Vesturárdal að núverandi Norðausturvegi við Teig, svokölluð Millidalaleið.

Vesturárdalsleið um Búastaði er samtals um 41,7 km löng. Hún er að mestu leyti utan vegsvæðis núverandi Norðausturvegar. Veglínan liggur á 0,5 km kafla innan vegsvæðis núverandi Norðausturvegar en á 8,6 km kafla innan vegsvæðis Vesturárdalsvegar.

Vesturárdalsleið um Hofsháls er samtals um 30,9 km löng. Veglínan er að mestu utan vegsvæðis núverandi Norðausturvegar. Veglínan liggur á 0,8 km kafla innan vegsvæðis núverandi Norðausturvegar.

Hofsárdalsleið Einarstaðamegin er um 25 km löng en um 24 km löng Burstarfellsmeigin. Veglínan er að mestu leyti utan vegsvæðis núverandi Norðausturvegar sem er um 60 m breitt. Hofsárdalsleið Burstarfellsmeigin liggur á 0,6 km kafla innan vegsvæðis núverandi Norðausturvegar. Hofsárdalsleið Einarstaðamegin liggur á 0,1 km kafla innan vegsvæðis núverandi Norðausturvegar en á 3,9 km kafla innan vegsvæðis Einarstaðavegar.

Millidalaleið er 7 km löng. Hún fylgir núverandi Norðausturvegi á tveimur stuttum köflum í Burstarfellsbrekkum eða samtals á um 1,1 km kafla.

Allar veglínurnar liggja því að mestu leyti utan við vegsvæði núverandi vega.

Vegagerðin leggur til að Norðausturvegur verði lagður samkvæmt Vesturárdalsleið um Búastaði, jafnframt því sem Millidalaleið verði lögð. Í frummatsskýrslu kemur þó jafnframt fram að mögulegt sé að það val verði endurskoðað þegar umsagnir og athugasemdir vegna frummatsskýrslu hafi borist, áður en matsskýrsla verður send til álits Skipulagsstofnunar.

Efnistaka

Samkvæmt upplýsingum í frummatsskýrslu er efnispörf vegna framkvæmdarinnar um 940-1.040 þúsund m³, en þar af er áætlað að taka á bilinu 530-730 þúsund m³ úr námum. Auk þess þarf að taka 145 þúsund m³ til lagningar Millidalaleiðar og er miðað við að 105 þúsund m³ af því efni verði teknir úr námum. Í frummatsskýrslu kemur einnig fram að til að raska landi sem minnst var tekin ákvörðun um að upplýsingar um efnistökmöguleika á svæðinu myndu eingöngu byggja á yfirborðsrannsóknum. Það kunnist að hafa í för með sér að töluverðar breytingar geti orðið frá áætlaðri efnistöku þegar leið hefur verið endanlega ákveðin og nánari efnisrannsóknir liggja fyrir. Samkvæmt frummatsskýrslu verður öll efnistaka, staðsetning náma og vinnsla unnin í samráði við landeigendur og Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun áskilur sér rétt til að gera athugasemdir við endanlega útfærslu efnistökusvæða skv. áætlun um efnistöku þegar hún liggur fyrir.

Í frummatsskýrslu kemur fram að fjórtán efnistökuastaðir sem fyrirhugað er að nýta eru gamlar námur sem eru ýmist ófrágengnar, hálffrágengnar eða frágengar. Umhverfisstofnun telur æskilegt að samhliða uppbyggingu vegarins verði gengið frá námum sem nú eru opnar og eru ófrágengnar. Það margar námur eru á svæðinu að vart verður þörf á þeim öllum í framtíðinni eftir að nýr vegur til Vopnafjarðar hefur verið byggður upp.

Náma AA-1 er í háan árhjalla í landi Burstarfells og samanstendur af mikill hannaðri skeringu, auk útvíkkunar í algróinn malarhjalla. Fyrirhugað er að taka 145.000 m³ af efni á svæði sem er um 27.000 m², þar af eru 27.000 m² vaxnir náttúrulegu birkikjarri. Vinnsludýpi er 0-9 m. Umhverfisstofnun telur að endurskoða beri áform um efnistöku á þessum stað vegna rasks á birkiskógi.

Frágangur efnistökusvæða

Í frummatsskýrslu segir m.a. um frágang efnistökusvæða:

„Haft verður samráð við Umhverfisstofnun og viðkomandi landeigendur um uppgræðslu á námusvæðum. Aðferðir við uppgræðslu náma og skeringa munu m.a. fara eftir ríkjandi gróðurfari á svæðinu, jarðvegi hæð yfir sjó og hvernig jarðmyndun er á námusvæðinu.“

Umhverfisstofnun telur mjög mikilvægt að tekið verði mið af umhverfi námusvæða við frágang og því hvort viðkomandi svæði eru gróin eða ekki. Ekki er almennt æskilegt að námusvæði á ógrónum svæðum séu grædd upp að efnistöku lokinni.

Náttúruverndarsvæði

Vesturárdalsleið um Búastaði liggur í grennd við Skógalón sem er á náttúruminjaskrá, sbr. svæði nr. 603, Nýpslón og Skógalón. Í náttúruminjaskrá er svæðinu lýst á eftirfarandi hátt: *Nýpslón og Skógalón, Vopnafjarðarhreppi, N-Múlasýslu. (1) Fjörur og grunnsævi í Nýpslóni og Skógalóni inn af Nýpsfirði. (2) Grunn, sölt lón. Mikið dýralíf við sérstæð skilyrði, einkum í Skógalóni.*

Í fjölríti Náttúruverndarráðs frá 1990, Sjávarlón á Íslandi, kemur m.a. fram að lífríki Skógalóns er mjög fjölbreytt og er tegundafjölbreytnin engan veginn minni en gerist og gengur á sjávarbotni. Þar segir einnig að friðlýsa beri svæðið sem fyrst.

Í frummatsskýrslu kemur fram að núverandi Vesturárdalsvegur liggur nálægt innsta hluta Skógalóns. Vesturárdalsleið um Búastaði fylgir núverandi vegi á þeim hluta og miðlína vegar verður í minna en 100 m fjarlægð frá bökkum lónsins á 0,3 km löngum kafla. Nýr vegur verður hærri og breiðari en núverandi vegur og mörk vegfyllinga munu verða í minnst 30 m fjarlægð frá bökkum lónsins. Framkvæmdin mun ekki hafa áhrif á fjörur og grunnsvæði í Nýpslóni og Skógalóni en í frummatsskýrslu kemur fram að vegna nálægðar Vesturárdalsleiðar um Búastaði við Skógalón þurfi að skilgreina framkvæmdasvæðið eins þröngt og hægt er í útboðsgögnum í grennd við lónið.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þess verði gætt að framkvæmdasvæðið verði ekki nær Skógalóni en nauðsynlegt er. Vegna þess eigi að gera ráð fyrir að lónmegin verði ekki um að ræða jarðrask utan við það svæði sem þarf fyrir vegfyllingar.

Umhverfisstofnun hefur lagt til að Hofsá ásamt 200 m belti sitt hvorum megin við hana verði friðlýst, auk þess sem vatnasvið árinna verði jaðarsvæði, sbr. skýrslu stofnunarinnar „*Náttúruverndaráætlun 2004-2008 – Aðferðafræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar*“. Svæðið er þó ekki meðal þeirra fjórtán svæða sem eru á náttúruverndaráætlun 2004-2008 sem samþykkt var á 130. löggjafarþingi. Í lýsingu á svæðinu í framangreindri skýrslu segir:

„Hofsá fellur um Hofsárdal til sjávar í Vopnafirði. Áin hefur fjölmargar þverár. Kunn veiðia. Fjölbreyttar ísaldarminjar í Hofsárdal og víðar í Vopnafirði.“

Mikil lífauðgi árinna og laxastofn sem og útivistargildi svæðisins eru tilgreind sem forsendur fyrir verndun.

Bæði Hofsárdalsleiðir og Vesturárdalsleiðir munu liggja innan þess svæðis sem Umhverfisstofnun hefur lagt til að verði friðlýst, sbr. töflu 6.2.2 í frummatsskýrslu og teikningu 5 í teikningahefti. Öll Hofsárdalsleið, sem verður 24 eða 25 km að lengd háð valkostum, lendir innan vatnasviðs árinna og þar af leiðandi jaðarsvæðis Hofsár, auk þess sem leiðin þverar Hofsá á tveimur stöðum og er á köflum innan 200 m breiða beltisins. Vesturárdalsleið lendir innan vatnasviðs árinna á kafla, þ.e. á 11 km kafla frá Hólkná að Bunguflóa. Vesturárdalsleið um Hofsháls lendir svo aftur innan vatnasviðs Hofsár á 4 km kafla frá Hofshálsi að enda leiðarinnar í Hofsárdal.

Niðurstaða varðandi náttúruverndarsvæði

Í frummatsskýrslu kemur fram að Vegagerðin telji að framkvæmdin samkvæmt Hofsárdalsleið geti haft veruleg neikvæð áhrif á áætlanir um friðlýsingu Hofsár. Í skýrslunni segir m.a.: *„Með vegagerð um dalinn verður landslagi, jarðmyndunum, friðsæld og útivistargildi svæðisins raskað og þar af leiðandi breytast forsendur friðlýsingar. Vesturárdalsleið hefur óveruleg áhrif á áætlanir um friðlýsingu Hofsár.“*

Umhverfisstofnun tekur undir framangreint álit Vegagerðarinnar. Stofnunin telur að ef vegur verður lagður samkvæmt svokallaðri Hofsárdalsleið muni það skerða verulega verndargildi þess svæðis sem stofnunin hefur lagt til að verði friðlýst, sbr. forsendur þeirrar

friðlýsingar.

Vesturárdalsleið mun ekki hafa bein áhrif á náttúruverndarsvæði en gæta þarf varúðar þar sem sú leið liggur næst Skógarlóni, sbr. ábendingar hér að framan.

Gróður

Samkvæmt úttekt Náttúrustofu Austurlands á gróðri er gróður á rannsóknarsvæðunum fjölbreyttur en misjafnlega gróskumikill (sbr. greinargerð Náttúrustofu Austurlands, *Gróðurfar, dýralíf og verndargildi á vegarstæðum í Hofsárdal og Vesturárdal*). Votlendi eru víða gróskumikil og einnig móagróður í hlíðum, brekkum og giljum. Þurrlandisgróður á heiðum, hryggjum og holtum í dalshlíðum er yfirleitt rýrari og gróðurþekja á þeim svæðum er víða ósamfelld. Töluvert er um ógróin svæði einkum á heiðum en einnig í dalshlíðum og á láglandi.

Um gróðurlendi segir m.a. í greinargerð Náttúrustofu Austurlands:

„Ekki fundust sjaldgæf gróðurlendi á svæðinu. Mjög fjölbreytt gróðurlendi finnst þó við veglínur þar sem þær liggja frá heiðum til láglandis. Verðmæti gróðurs á svæðinu verður að teljast töluvert. Votlendi er víða á rannsóknarsvæðum á öllum veglínunum en þau teljast til verðmætra gróðurlenda. Burstarfellsleið liggur við jaðar birkiskógar sem einnig verður að teljast til verðmætra gróðurlenda. Einnig má telja fullgróið og gróskumikið land til gróðurfarslegra verðmæta á Íslandi þar sem gróðurþekja er víða ósamfelld og gróður rýr vegna beitarálags, uppblásturs o.fl.“

Ekki fundust heldur sjaldgæf eða sérstæð gróðurlendi á Millidalaleið en áberandi mikið er um flétturíka móa.

Á rannsóknarsvæðunum fundust ekki friðlýstar tegundir eða tegundir á valista en tvær fremur sjaldgæfar tegundir voru skráðar. Bjöllulilja fannst á Hofsárdalsleið og Vesturárdalsleið um Hofsháls en hún er fremur sjaldgæf á landsvísu og hefur einkum fundist á Norður- og Norðausturlandi. Dökkasef, sem er einnig fremur sjaldgæf tegund á landsvísu og vex einkum á Vestfjörðum og Austfjörðum, fannst á Vesturárdalsleið á þremur stöðum sem tilheyra bæði veglínu um Hofsháls og Vesturárdal. Báðar þessar tegundir fundust á því svæði sem rannsakað var vegna Millidalaleiðar. Í greinargerð Náttúrustofu Austurlands, *Gróður og fuglalíf á vegarstæðum milli Oddsgils og Teigs*, kemur fram að bjöllulilja og dökkasef hafa fundist á nokkrum stöðum í Vopnafirði og virðast vera töluvert algengar þar.

Allar veglínurnar liggja því um fjölbreytt og verðmæt gróðurlendi og raska búsvæði plöntutegundar sem er fremur sjaldgæf á landsvísu. Að mati Náttúrustofu Austurlands verður þó verðmæti gróðurlenda á Vesturárdalsleið að öllu samanlögðu að teljast meira en á Hofsárdalsleið vegna meira votlendis og meiri gróðurþekju.

Birkiskógur

Hofsárdalsleið liggur um talsvert af fjalldrapamóum og um Burstarfellsskóg. Samkvæmt upplýsingum í frummatsskýrslu var flatarmál birkiskógar sem lendir undir framkvæmdasvæði mælt upp af loftmynd. Miðað við það verður alls um 4,6 ha af birkiskógi raskað. Samkvæmt 39. gr. laga um náttúruvernd skal Umhverfisstofnun ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar. Ekki skal að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt. Í stefnumörkun íslenskra stjórnvalda til sjálfbærrar þróunar „*Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Áherslur 2006-2009*“ er eitt þeirra markmiða sem sett er fram að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi

Íslands. Í leiðum að markmiðum segir: „*Unnin verður áætlun um endurheimt náttúrulegra vistkerfa, þar á meðal birkiskóga á grundvelli stefnumörkunar um líffræðilega fjölbreytni. Áætlunin verður felld inn í næstu Náttúruverndaráætlun sem taka á gildi árið 2009.*” Stjórnvöld telja því mikilvægt að vernda birkiskóga og telja sérstaka ástæðu til að fella endurheimt birkiskóga inn í náttúruverndaráætlun.

Umhverfisstofnun telur því að leggja eigi áherslu á að velja mannvirkjum þannig stað að þau hafi ekki í för með sér röskun á birkiskógi. Almenna reglan eigi þó að vera sú að ef ekki er hjá því komist að ráðast í mannvirkjagerð sem raskar birkiskógi eigi að setja skilyrði um að grætt verði upp jafn stórt svæði og það sem raskast. Hins vegar er mikilvægt að hafa í huga að endurheimt tryggir ekki að sams konar vistkerfi og það sem raskast verði endurheimt og því ætti ekki að raska náttúrulegum birkiskógi ef aðrir valkostir eru fyrir hendi.

Mótvægisáðgerðir vegna rasks á gróðri

Í frummatsskýrslu segir m.a.: „*Stærð gróðurlenda sem raskast við framkvæmdina verður metin. A.m.k. jafn mikið gróðurlendi og raskast verður grætt upp. Haft verður samráð við landeigendur, Landgræðslu ríkisins og Umhverfisstofnun um uppgræðslu á svæðinu.*” Umhverfisstofnun vekur athygli á að ekki kemur fram í frummatsskýrslu hvar græða á upp land í stað þeirra gróðurlenda sem raskast.

Hofsárdalsleið Burstarfellsmegin liggur um Burstarfellsskóg og raskar um 4,6 ha af skógi samkvæmt upplýsingum í frummatsskýrslu. Í skýrslunni kemur m.a. fram að framkvæmdum verði hagað þannig að reynt verði að skerða skóginn sem minnst. Að framkvæmdum loknum verður ræktaður upp jafn stór skógur og tapast vegna framkvæmdanna. Sú mótvægisáðgerð mun þó ekki vega upp á móti áhrifum framkvæmdarinnar á birkiskóg þar sem erfiðleikum er bundið að endurheimta sams konar vistkerfi og það sem raskast við framkvæmdirnar.

Votlendi / sérstök vernd

Samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd njóta mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri, sérstakrar verndar. Í frummatsskýrslu kemur fram að allar leiðir raska votlendi. Vesturárdalsleið um Hofsháls raskar þó talsvert meira af votlendi en aðrar leiðir, eða samtals 111 ha. Vesturárdalsleið um Búastaði raskar 77 ha af votlendi, Hofsárdalsleið Einarstaðamegin raskar 35 ha og Hofsárdalsleið Burstarfellsmegin 25 ha. Vegna Hofsárdalsleiðar bætast við 6 ha vegna Millidalaleiðar en við aðrar leiðir bætast við 12 ha vegna þeirrar leiðar.

Í 1. töflu í greinargerð Náttúrustofu Austurlands, *Gróðurfar, dýralíf og verndargildi á vegarstæðum í Hofsárdal og Vesturárdal*, kemur fram hlutfallsleg skipting gróðurlenda eftir leiðum og er votlendi þar skipt upp í mýri og flóa, auk deiglendis (millisvæði milli vot- og þurrlendis). Ekki er tilgreint sérstaklega hvað mikið er af hallamýrum á þeim leiðum sem skoðaðar hafa verið. Umhverfisstofnun taldi að hagur væri að því að fá upplýsingar um hvar hallamýrar er að finna innan rannsóknarsvæðisins, enda hafa niðurstöður rannsókna, t.d. á Vesturlandi, sýnt fram á að minna er eftir af óröskuðum hallamýrum en öðru votlendi. Hallamýrar eru yfirleitt tegundaríkari en t.d. flói og einkennisplöntur aðrar. Því væri æskilegt að greina votlendi m.a. í hallamýrar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði Norðausturvegar. Umhverfisstofnun óskaði því eftir upplýsingum um það frá Náttúrustofu Austurlands hvort haldbærar væru upplýsingar um það hvar hallamýrar væri að finna á mismunandi veglínnum og þá jafnframt hver væri stærð (flatarmál) þeirra. Í svarbréfi Náttúrustofu Austurlands dags. 23. mars sl. kemur fram að ekki séu til haldbærar upplýsingar á formi skipulegrar skráningar eða kortlagningar á hallamýrum á og við vegarstæði í Vopnafirði. Sú flokkun hafi ekki verið

höfð til hliðsjónar þegar vettvangsvinna var gerð og því séu þau gögn ekki til. Út frá almennum upplýsingum og þekkingu á aðstæðum á svæðinu megi hins vegar geta sér til um að mest af því sem falli í flokkinn mýri á gróðurkorti sé hallamýri. Sú niðurstaða virðist vera í samræmi við þær upplýsingar sem fram koma í fylgiskjali 4 í frummatsskýrslu, sem sýna forsendur útreikninga á því hversu mikið votlendi raskast vegna vegagerðar á mögulegum leiðum. Þar er m.a. tilgreindur halli á votlendi milli tiltekinna stöðva.

Miðað við þær upplýsingar sem fram koma í bréfi Náttúrustofu Austurlands og í frummatsskýrslu má því gera ráð fyrir að rask á hallamýrum verði eftirfarandi (ef tekin eru út þau votlendissvæði sem að öllu eða mestu leyti teljast til flóa eða deiglendis):

Vesturárdalsleið um Búastaði - 70,2 ha (af 77,4 ha alls).

Vesturárdalsleið um Hofsháls - 103,7 ha (af 110,9 ha alls).

Hofsárdalsleið Einarstaðamegin - 33 ha (af 34,6 ha alls).

Hofsárdalsleið Burstarfellsmeigin - 23,2 ha (af 24,7 ha alls).

Millidalaleið - 11,8 ha (af 11,8 ha alls).

Því verður verulegt rask á hallamýrum við lagningu Norðausturvegar til Vopnafjarðar.

Vegna þessa mikla rasks á votlendi / hallamýrum telur Umhverfisstofnun **að vert væri að leita leiða til að draga úr áhrifum framkvæmdanna á votlendi, s.s. með færslu veglína.**

Þá telur stofnunin mikilvægt að ráðist verði í fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir, þ.m.t. að leggja veginn þannig að fyllingarefni verði úr grófu lagi neðst til að meiri líkur verði á að vatn seitli í gegnum veginn, sbr. einnig umfjöllun hér á eftir.

Mótvægisáðgerðir vegna áhrifa á votlendi

Í frummatsskýrslu kemur fram að Vegagerðin muni kosta framkvæmdir við að endurheimta jafn stórt votlendi og tapast við vegaf framkvæmdina. Svæði sem koma til greina eru m.a. Miklavatn í Hjaltastaðapingá og Sandur í Aðaldal, en þau eru bæði á náttúruminjasá (svæði nr. 527, *Votlendi á Sandi og Sílalæk* og svæði nr. 625, *Votlendi og Sandar í Hjaltastaðapinghá og Hjaltastaðaásar*).

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að haft verði samráð við stofnunina um endurheimt votlendis.

Í frummatsskýrslu segir m.a. að komið hafi fram við samanburð á gömlum vegum og fljóttandi vegum um votlendi að þeir virðist hafa svipuð áhrif á votlendið. Í skýrslunni kemur jafnframt fram að Vegagerðin muni hafa samráð við sérfræðing um endurheimt votlendis um rannsóknarverkefni þar sem reynt verði að finna aðgerð til að draga úr áhrifum vegagerðar á votlendi. Kannað verði hvort gegndræpt lag neðst í veginum geti dregið úr neikvæðum áhrifum vegagerðar á votlendi.

Umhverfisstofnun mælist til þess að ekki verði einungis gerð tilraun með slíkan veg á ákveðnum kafla á nýjum vegi til Vopnafjarðar, sbr. umfjöllun á bls. 111 í frummatsskýrslu, heldur verði það verklag viðhaft á þeim köflum þar sem vegurinn liggur yfir votlendi / hallamýrar. Það væri því mjög áriðandi að kanna þessa aðferð áður en framkvæmdir hefjast. Fylgst verði með því samkvæmt vöktunaráætlun hvort sú aðgerð beri tilætlaðan árangur.

Niðurstaða varðandi gróður

Umhverfisstofnun telur að Vesturárdalsleið um Hofsháls muni hafa mest áhrif á gróður vegna þess hversu mikið votlendi raskast við þá leið. Stofnunin telur að þau áhrif verði að teljast umtalsverð. Vesturárdalsleið mun einnig raska miklu votlendi og hefur því einnig veruleg áhrif á gróður. Umhverfisstofnun telur að Hofsárdalsleið Burstarfellsmeigin muni hafa meiri áhrif á gróður en Hofsárdalsleið Einarstaðamegin þrátt fyrir að áhrif á votlendi verði minni

vegna þess rasks á birkiskógi sem fyrrnefnda leiðin hefur í för með sér. Áhrif Millidalaleiðar á gróður verða talsverð vegna áhrifa á votlendi.

Fuglar

Náttúrustofa Austurlands gerði rannsóknir á fuglalífi á mögulegum vegarstæðum. Í þeim rannsóknum voru alls skráðar 35 tegundir fugla, þar af voru 33 tegundir á Hofsárdalsleið, 22 á Vesturárdalsleið um Vesturdal, 16 á Vesturárdalsleið um Hofsháls og 18 tegundir á Millidalaleið. Tegundafjöldi nálægt 30 er það sem við má búast við sambærileg láglandssvæði á Íslandi, t.d. á Fljótsdalshéraði. Samkvæmt niðurstöðum rannsókna náttúrustofunnar er áhrifasvæði fyrirhugaðra veglína ekki sérstætt á landsvísu og fjölbreytni fuglalífs væntanlega í meðallagi á rannsóknarsvæðum samanlagt miðað við sambærileg svæði. Innan rannsóknarsvæða var fjölbreytni meiri í Hofsárdal en í Vesturárdal. Ekki voru gerðar rannsóknir á fuglalífi við Skógalón og Nýpslón eða austasta hluta Vesturárdalsleiðar um Vesturárdal en það hefði væntanlega bætt við tegundum sem halda sig við sjávarsíðuna.

Af þeim 35 tegundum sem skráðar voru í úttekt Náttúrustofu Austurlands eru 6 tegundir á valista, þ.e. fálki, brandugla, gulönd, straumönd, grágæs og hrafn. Náttúrustofan vekur í greinargerð sinni athygli á að fyrir utan valistategundir megi benda á heiðagæs sem sé áberandi hluti af lífríki svæðisins. Þá megi fastlega gera ráð fyrir að ýmsar tegundir séu á öllum úttektarsvæðum sem ekki komu fram í þeim rannsóknum sem gerðar voru t.d. maríuerla á láglandi og snjótittlingur á öllum svæðinu. Einnig vanti tegundir sem teljast verður mjög líklegt að séu til staðar og megi þar nefna grágæs sem raunar sé staðfest af heimildarmönnum. Grágæs fannst þó síðar á því svæði sem skoðað var vegna fyrirhugaðrar Millidalaleiðar.

Hofsárdalsleið og Vesturárdalsleið um Hofsháls gætu hugsanlega haft áhrif á varpstaði branduglu. Röskun á og við farveg Hofsár er varasöm vegna varpstaða og fæðu straumandar og gulandar. Vegagerð í Hofsárdal gæti haft áhrif á grágæs og væntanlega einnig vegagerð í Vesturárdal. Ekki er líklegt framkvæmdir vegna Millidalaleiðar hafi afgerandi áhrif á grágæs en þó gæti aukið aðgengi valdið einhverjum skaða. Bæði Hofsárdalsleið og Vesturárdalsleið gætu haft áhrif á hrafn.

Þeir þrjú varpstaðir fálka sem vitað er um teljast allir vera á mörkum þess að vera of nálægt fyrirhuguðum veglínunum í Vesturárdal og Hofsárdal. Fálki er á valista sem tegund í yfirvofandi hættu og samkvæmt Bernarsamningi ber að gera viðeigandi og nauðsynlegar ráðstafanir til að friða tegundina og vernda búsvæði/lífssvæði hennar (Viðauki II). Samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 252/1996 um friðun tiltekinna villtra fuglategunda, friðlýsingu æðarvarps, fuglamerkingar, hamskurð o.fl. er dvöl manna óheimil við hreiður fálka vegna myndatöku, upptöku á hljóðum, athugana á lifnaðarháttum eða í öðrum tilgangi sem ætla má að valdi truflun.

Náttúrustofa Austurlands bendir sérstaklega á eftirfarandi atriði hvað varðar áhrif á fálka: „Taka verður sérstakt tillit til fálka, hvort sem verður fyrir valinu Hofsárdalsleið eða Vesturárdalsleið með því að valda sem minnstri truflun og ónæði á fálkastöðum frá apríl til júlí. Viðvarandi umferð með tilheyrandi truflun getur lagt óðul fálkans í eyði, ekki bara á framkvæmdatímanum heldur einnig þegar vegurinn er kominn í notkun. Því er Vegagerðinni bent á að hnika veglínunum frá og helst úr sjónfæri frá þeim fálkastöðum eða hugsanlega að skoða mótvægisáðgerð í samráði við fálkasérfræðinga.”

Í frummatsskýrslu kemur fram að veglínur liggja í nær öllum tilfellum í meira en 500 m fjarlægð frá þeim svæðum sem vitað er að fálki hafi orpið. Ekki sé unnt að hnika veglínunum frá varpstöðum frekar en búið er af vegtæknilegum ástæðum. Í frummatsskýrslu kemur jafnframt fram það álit Vegagerðarinnar að ólíklegt sé að framkvæmdir í Hofsárdal sjáist frá

varpstöðum í Tunguárgili og Fossdal, auk þess sem ætla megi að truflunar gæti á síðarnefnda staðnum vegna nálægðar við veiðisvæði Hofsár. Vegagerðin telur að framkvæmdir muni ekki hafa áhrif á varp fálka í Urðarfjalli og Valagili en mögulega á val á varpstöðum, þar sem varp þar virðist tilheyrja sama setrinu. Þá telur Vegagerðin að takmarkanir á varptíma muni skerða framkvæmdatíma of mikið. Verktaka verði þó bent á að hafa fálkavarpið í huga við framkvæmdir, ef hægt væri að takmarka truflun á einhvern hátt.

Umhverfisstofnun telur að framangreind tilmæli geti vart talist til mótvægisáðgerða enda óljóst hvað átt er við því að verktaki hafi fálkavarpið í huga við framkvæmdir og ekki fyrirbyggjandi hvort gripið verði til einhverra aðgerða til að takmarka truflun. Stofnunin telur því að hafa eigi samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands um það til hvaða aðgerða megi grípa til að draga úr hugsanlegum áhrifum á fálka.

Niðurstaða varðandi fugla

Með fyrirhugaðri vegagerð munu varp- og fæðulönd fugla skerðast. Þá getur aukið aðgengi að svæðum í kjölfar vegagerðar haft í för með sér neikvæð áhrif á fuglalíf og annað dýralíf, ekki síst á varp heiðagæsa. Í samanburði á Hofsárdals- og Vesturárdalsleiðum segir í greinargerð Náttúrustofu Austurlands:

„Fleiri fuglategundir fundust á Hofsárdalsleið en á Vesturárdalsleið og fleiri tegundir sem eru á valista. Fjölbreytni fuglalífs er skv. þeim athugunum sem hér birtast í slöku meðallagi á Vesturárdalsleiðum en góðu meðallagi á Hofsárdalsleiðum. Einnig var fjöldi fugla meiri á Hofsárdalsleið. Ætla má að vegur hvort sem er um Vesturárdalsleið eða Hofsárdalsleið hafi áhrif á heiðagæsir og geti truflað fálka og hrafn. Líklegt er að önnur áhrif á fugla verði lítil og staðbundin við Vesturárdalsleið en töluverð við Hofsárdalsleið.“

Hofsárdalsleiðir munu því hafa mun neikvæðari áhrif á fuglalíf en leiðir um Vesturárdal. Millidalaleið mun ekki hafa afgerandi áhrif á einstaka tegundir fugla. Umhverfisstofnun telur að athuga verði betur hvort grípa megi til aðgerða til að draga úr hugsanlegum áhrifum á fálka, sem er tegund sem er á valista, en bæði vegagerð í Hofsárdal og Vesturárdal geta haft neikvæð áhrif á fálka að mati Náttúrustofu Austurlands.

Hreindýr

Samkvæmt greinargerðum Náttúrustofu Austurlands um náttúrufar (sjá fylgiskjöl með frummatsskýrslu) hafa hreindýr ekki verið mikið á svæðinu austan Hofsár á undanförunum árum en talsvert á svokallaðri Háreksstaðaleið. Þó er vitað að þau leggja leið sína um svæðið og hafa gert í mismiklum mæli undanfarna áratugi. Vegir geta haft truflandi áhrif á hreindýr sér í lagi ef umferð er mikil en einnig geta þau sótt í þá á ákveðnum árstímum þar sem vegkantar og önnur röskuð svæði eru græddir upp með grasi. Þar sem hreindýr virðast venjast umferð er ekki er líklegt að áhrif á þau verði afgerandi.

Ekki er því við því að búast að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa umtalsverð áhrif á hreindýr.

Lífríki í ám

Bæði Vesturárdalsleið og Hofsárdalsleið liggja meðfram laxveiðiám. Vesturdalsá er kunn lax- og bleikjuveiðiá og Hofsá telst meðal bestu laxveiðiáa landsins. Áhrif framkvæmdanna á búsvæði laxfiska eru annars vegar bein áhrif þar sem áin er þveruð eða efni tekið úr áreyrum og hins vegar óbein áhrif vegna umferðar á bökkum árinna þar sem enginn vegur er fyrir.

Hofsárdalsleið liggur meðfram Hofsá á samtals um 16 km kafla en Vesturárdalsleið liggur meðfram Vesturdalsá á samtals um 8-9 km kafla. Vesturárdalsleið innan við Hauksstaði er í minnst 75 m fjarlægð frá Vesturdalsá. Minnst fjarlægð Vesturárdalsleiðar um Búastaði frá

ánni er 25 m en þar sem leiðin liggur næst ánni er núverandi vegi fylgt. Engin malartekja er fyrirhuguð úr eyrum Vesturdalsár vegna framkvæmda á Norðausturvegi til Vopnafjarðar og því eingöngu um að ræða óbein áhrif vegna vegagerðar um Vesturárdal.

Hofsárdalsleið liggur á löngum köflum í námunda við Hofsá og fer tvisvar yfir hana. Hofsárdalsleið innan við Steinvarartungu er á tveimur köflum í minna en 50 m fjarlægð frá ánni, auk brúarstæðisins við Brunahvamm. Hofsárdalsleið Einarstaðamegin er á þremur köflum í minna en 50 m fjarlægð frá ánni, auk brúarstæðisins við Þorbrandsstaði. Leiðin fer að auki yfir Tunguá. Framkvæmdirnar geta haft bein áhrif á búsvæði þar sem áin er þveruð eða efni er tekið úr ánni.

Í frummatsskýrslu kemur fram að malartekju verði haldið í lágmarki og í útboðsgögnum verði sett sérstök skilyrði um aðgæslu við notkun mengandi efna á svæðum sem eru í minna en 100 m fjarlægð frá ánum. Auk þessa mun Vegagerðin láta fara fram mat á þéttleika seiða á þeim svæðum þar sem Hofsá verður brúuð og við efnistökusvæði í áreyrum, fyrir og eftir framkvæmdir.

Niðurstæða varðandi lífríki í ám

Fyrirhugaðar framkvæmdir við Norðausturveg til Vopnafjarðar geta haft neikvæð áhrif á laxfiska og veiði. Vegna brúargerðar yfir Hofsá og efnistöku úr ánni hafa framkvæmdir við Hofsárdalsleið mun neikvæðari áhrif á lífríki í ám en framkvæmdir við Vesturárdalsleið um Búastaði. Auk beinna áhrifa framkvæmdanna verða óbein áhrif meiri á Hofsárdalsleið þar sem lagður verður vegur um svæði þar sem enginn vegur er fyrir og verður friðsæld dalsins þar með rofin. Umhverfisstofnun tekur undir það með Vegagerðinni að Vesturárdalsleið um Hofsháls muni hafa óveruleg áhrif á laxveiði.

Víðerni

Samkvæmt skilgreiningu í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd er ósnortið víðerni:

„Landsvæði sem er a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja á jörðu, er í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og þjóðvegum, og þar sem ekki gætir beinna ummerkja mannsins og náttúran fær að þróast án álags af mannlegum umsvifum.“

Í frummatsskýrslu kemur fram að við athugun Vegagerðarinnar hafi komið í ljós að vegagerð í innanverðum Vopnafirði hafi áhrif á ósnortið víðerni. Mögulegar veglínur munu ekki liggja um ósnortið víðerni en við framkvæmdina mun ósnortið víðerni skerðast því mörk þess færast til. Áhrifin eru háð veglínunum.

Í töflu 6.2.3 í frummatsskýrslu er tilgreind breyting á víðerni í grennd við mögulegt framkvæmdasvæði í km² vegna Vesturárdalsleiðar og Hofsárdalsleiðar. Fram kemur hversu mikið víðerni skerðist vegna framkvæmda og hve mikið víðerni endurheimtist að framkvæmdum loknum þegar núverandi Norðausturvegur verður lagður niður. Samkvæmt því eru heildaráhrif mismunandi veglína á víðerni þannig að vegna Hofsárdalsleiðar muni víðerni stækka um 23,4 km² en skerðast um 1,75 km² vegna Vesturárdalsleiðar.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að forsendur framangreindra útreikninga í frummatsskýrslu virðast ekki vera réttar þar sem núverandi vegur mun ekki leggjast af og hann ekki fjarlægður heldur er fyrirhugað að nýta veginn áfram, sbr. umfjöllun um núverandi veg í kafla 4.5.4 í frummatsskýrslu. Í kjölfar lagningar nýs vegar munu því ekki endurheimtast svæði þar sem hægt er að njóta einveru og náttúrunnar án truflunar af

mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja á jörðu, sbr. skilgreiningu á ósnortnu víðerni í lögum um náttúruvernd. Því verður ekki séð að víðerni endurheimtist að framkvæmdum loknum.

Jarðmyndanir

Í umfjöllun um jarðmyndanir í frummatsskýrslu segir m.a. að innan framkvæmdasvæðisins séu engin svæði á náttúruminjaskrá né sérstæðar minjar. Umhverfisstofnun vekur athygli á að í skýrslu stofnunarinnar *Náttúruverndaráætlun 2004-2008 – Aðferðafræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar*, þar sem lagt er til að Hofsá ásamt belti meðfram ánni og jaðarsvæði verði friðlýst er sérstaklega minnst á ísaldarminjar innan svæðisins. Um jarðfræði segir þar: „Í Hofsárdal eru miklir malarhjallar sem eru ummerki um hærri sjávarstöðu í lok ísaldar (um 10000 ár). Viða eru glögg merki um hörfunarsögu jökuls í lok ísaldar. Í Vopnafirði eru ummerki um tvær fornar megineldstöðvar. Innskot í Smjörfjöllum og mikill fjölbreytileiki bergtegunda.“

Umhverfisstofnun telur því að ekki sé hægt að meta það svo að innan framkvæmdasvæðisins séu engar sérstæðar minjar. Stofnunin vekur jafnframt athygli á að í skýrslunni „Israndslinier i Norden“ (TemaNord 1998:584) er lýst jarðsögu nokkurra lykilsvæða sem gefa góða mynd af jökulhörfuninni í hverju Norðurlandanna fyrir sig og er Vopnafjörður eitt þeirra 8 svæða sem tilgreind eru fyrir Ísland. Í samantekt skýrslunnar segir m.a. að laus jarðlög á Norðurlöndum hafi ekki aðeins þýðingu sem hagnýt jarðefni, heldur líka sem vitnisburður um þróun landslags og umhverfis við lok ísaldar. Vert er að hafa í huga að jarðmyndanir geta haft verndargildi og þar með verið æskilegt að þeim verði ekki raskað, þrátt fyrir að þær njóta ekki sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd.

Í frummatsskýrslu kemur m.a. fram að á Vesturárdalsleið innan við Hauksstaði, þ.e. við stöð 21.400 og stöð 24.500, eru jökulruðningshólar sem líklega eru ummerki um að jökullinn hafi stöðvast þegar hann var að hörfa í byrjun nútíma. Við Hauksstaði eru fallegir jökulruðningshólar og garðar og virðist vera stutt á klöpp við þá. Vegurinn mun liggja í og við þessa hóla. Á Vesturárdalsleið um Hofsháls mun lítill hluti af malarási fara undir vegfyllingu. Í frummatsskýrslu kemur fram að einungis á einum stað verði skorið í fallegan jökulruðningshól. Umhverfisstofnun telur að draga eigi úr raski á þessum jarðmyndunum eins og nokkur kostur er.

Strandhjalla, sem eru merki um hærri sjávarstöðu, er að finna bæði í Vesturárdal og Hofsárdal, en þeir eru þó meira áberandi í Hofsárdal. Tilkomumestu strandhjallarnir í Vesturárdal eru utan við veglínuna. Nýr vegur í Hofsárdal verður lagður um strandhjalla við enda veglína, á svæðum þar sem núverandi vegir liggja. Efnistaka vegna beggja veglína raskar hins vegar strandhjöllum, en 7 námur í Vesturárdal eru í strandhjöllum og 4 í Hofsárdal. Í frummatsskýrslu segir m.a. að áhugaverðustu og fallegustu jarðmyndanirnar á framkvæmdasvæðinu séu strandhjallarnir í Hofsárdal og Vesturárdal, sem þó munu að mjög litlu leyti raskast vegna framkvæmdarinnar.

Árhjallar setja svip á landslagið í bæði Vesturárdal og Hofsárdal. Vegna Hofsárdalsleiðar Burstarfellsmeigin verður skorið í árhjalla beggja vegna árinna til að stytta og þar með lækka brúna yfir Hofsá. Burstarfellsmeigin við Hofsá er fyrirhugað að útvíkka skeringu í námu í háum árhjalla. Í frummatsskýrslu segir m.a.:

„Minnstu áhrif á jarðmyndanir verða í innanverðum dölunum en í sjálfum dalbotnunum verða áhrif nokkur, og þá fyrst og fremst Burstarfellsmeigin í Hofsárdal. Þar eru fallegir árhjallar sem endurspeglar nokkrar kynslóðir hjalla í mismunandi hæð.“

Umhverfisstofnun telur því ljóst að fyrirhugaðar vegaf framkvæmdir í Vopnafirði munu hafa talsverð áhrif á framangreindar jarðmyndanir en mest verði þau áhrif þó á Hofsárdalsleið Burstarfellsmegin.

Millidalaleið mun ekki raska sérstökum jarðmyndunum.

Með hliðsjón af framangreindu er því ljóst að fyrirhugaðar framkvæmdir vegna Norðausturvegar til Vopnafjarðar munu valda talsverðu raski á Ísaldarminjum.

Niðurstaða varðandi jarðmyndanir

Samkvæmt frummatsskýrslu er það niðurstaða Vegagerðarinnar að áhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndanir verði óveruleg, óháð leiðarvali og að engum sérstæðum jarðmyndunum verði raskað.

Umhverfisstofnun tekur ekki undir framangreint álit Vegagerðarinnar. Fyrirhugaðar framkvæmdir munu raska jarðmyndunum sem gefa góð mynd af hörfunarsögu jökuls á Austurlandi og eru því taldar hafa verndargildi sem slíkar. Umhverfisstofnun tekur hins vegar undir það álit Vegagerðarinnar að vegaf framkvæmdir á Hofsárdalsleið muni hafa meiri neikvæð áhrif jarðmyndanir en framkvæmdir á Vesturárdalsleið og að Hofsárdalsleið Burstarfellsmegin hafi mest neikvæð áhrif á jarðmyndanir.

Landslag / sjónræn áhrif

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsáætlun vegna Norðausturvegar til Vopnafjarðar frá 3. ágúst 2004 segir m.a. um landslag og sjónræn áhrif:

„Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að gera grein fyrir sjónrænum áhrifum þeirra valkosta sem lagðir eru fram og sýna í matsskýrslu þær ásýndarbreytingar sem verða frá völdum stöðum innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis með tilkomu vegarins. Um væri að ræða myndræna framsetningu þar sem valin verði tiltekin sjónarhorn, m.a. eins og vegfarandi á veginum sæi fram eftir honum, þar sem ásýnd svæðishluta er sýnd fyrir og eftir framkvæmdir. Þar sem fyrirhugaðar leiðir liggja um óraskað svæði þarf að birta myndir sem sýna veginn í umhverfi svæðisins.“

Í teikningahefti sem fylgir frummatsskýrslu eru ljósmyndir, sem teknar voru ýmist í veglínu, úr lofti, frá útsýnisstöðum, veiðistöðum eða sumarbústöðum og hafa mögulegar veglínur verið teiknaðar inn á þær. Umhverfisstofnun telur að þær ljósmyndir gefi ágæta mynd af því svæði sem hugsanlegar veglínur liggja um. Hins vegar er í frummatsskýrslu og fylgigögnum ekki að finna þá myndrænu framsetningu sem tilgreind er í framangreindri ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsáætlun, þ.e. að sýnd sé ásýnd svæðishluta fyrir og eftir framkvæmdir.

Áhrifasvæði framkvæmdarinnar á landslag er mjög stórt þar sem um langan vegkafla er að ræða. Í skýrslu Náttúrustofu Austurlands er fjallað um verndargildi svæða sem verða fyrir áhrifum af fyrirhugaðri vegagerð frá hringvegi og niður í Vopnafjörð og áhrif vegagerðarinnar á gildi þeirra svæða. Svæðunum er skipt upp í 3 landslagsheildir, þ.e.:

1. Heiðalönd á Vesturárdalsleið, þ.e. svæði ofan við 400 m hæð á svæðinu frá Kinnarlandi að Fossheiði.
2. Dalshlíðar og láglandi, undir 400 m hæð í Vesturárdal.
3. Dalshlíðar og láglandi, undir 400 m hæð í Hofsárdal.

Í greinagerðinni kemur þó fram að þessi skipting hafi fyrst og fremst verið gerð til að einfalda umfjöllun um landsvæðin. Umhverfisstofnun telur að sú skipting henti mjög vel þegar fjallað er um áhrif framkvæmda á landslag og hún því notuð hér á eftir.

Heiðalöndin

Almennt séð er landslag ekki mjög fjölbreytt á heiðalöndunum og einkennist af fremur lágum ásum og dældum á milli, en vestast eru brekkur Hofsárdals neðan við grýtt klapparholt. Þar eru þó töluverðar andstæður, þ.e. skjólgóðar brekkar og stórgrýttir ásar, auk þess sem votlendissvæði eru víða með ýmsum litbrigðum. Víðsýnt er á svæðinu.

Það er mat Náttúrustofu Austurlands að heildarsvipur heiðalandanna muni lítið breytast við vegagerð á svæðinu og að í flestum tilfellum falli veglínur sæmilega að landslagi. Brú á Hofsá inni á heiði með aðliggjandi vegi muni þó skerða það óraskaða svipmót sem innsti hluti Hofsárdals hefur nú. Það sama megi ef til vill segja um vegagerð frá núverandi vegi niður í Þverfellsdal þótt vegur um það svæði muni dyljast betur. Umhverfisstofnun telur því að vegagerð á þessu svæði muni ekki hafa veruleg neikvæð áhrif á landslag.

Vesturárdalur

Landslag er nokkuð fjölbreytt á þessu svæði og mynda landslagsform þar fagurt umhverfi. Víðsýni er ekki sérstaklega mikið úr Vesturárdal eða hlíðum hans þar sem ásar á báða bóga afmarka dalinn. Af Hofshálsi er hins vegar töluvert útsýni. Að mati Náttúrustofu Austurlands mun heildarsvipur landslags lítið breytast við vegagerð á þessu svæði og falla veglínur í flestum tilfellum sæmilega að landslagi, t.d. niður Vesturárdal þar sem veglína fellur almennt nokkuð vel að landslagi og fylgir oft mörkum gróðurlenda. Veglína frá heiðinni niður í Þverfellsdal og veglína úr Barkárdal yfir Hofsháls skera dalshlíðar sem yfirleitt eru vel grónar þannig að vegagerð yrði lýti í þessum hlíðum. Hofshálsleiðin þar sem hún liggur um hlíðar Barkárdals og Vesturárdals verður líklega áberandi séð frá býlunum handan árinna og frá dalbotni a.m.k. á sumum stöðum.

Umhverfisstofnun telur miðað við framangreint að Vesturárdalsleið um Hofsháls muni hafa í för með sér töluverð neikvæð áhrif á landslag. Áhrif Vesturárdalsleiðar um Búastaði á landslag verði mun minni.

Hofsárdalur

Í greinargerð Náttúrustofu Austurlands kemur fram að fegurðargildi Hofsárdals er talið mikið. Í heild verði að telja Hofsárdalinn, að ánni meðtalinni, mikilvægt svæði fyrir fjölbreytni náttúru Vopnafjarðar, Austurlands og jafnvel á landsvísu og vegi Hofsá þar þyngst. Svæðið sunnan Hofsárdals er að mestu án mannvirkja alveg suður að hringvegi um Jökuldalsheiði og Jökuldal og er því samfelld heild. Sú heild er þó samsett af mismunandi landslagseiningum. Að mati Náttúrustofu Austurlands mun heildarsvipur Hofsárdals breytast eitthvað við vegagerðina, a.m.k. frá sumum sjónarhornum. Á það t.d. við þar sem vegurinn liggur niður bratta hlíðina norðan í Tungukolli. Víðast hvar utan við Foss mun veglínan „hanga“ í hlíð dalsins og verða nokkuð áberandi.

Umhverfisstofnun telur að Hofsárdalsleið muni hafa veruleg neikvæð áhrif á landslag. Stofnunin tekur undir það með Vegagerðinni að Hofsárdalsleið Einarstaðamegin hafi að líkindum meiri sjónræn áhrif en Hofsárdalsleið Burstarfellsmegin.

Ferðamennska/útvist

Í frummatsskýrslu segir m.a.: „Búist er við að framkvæmdin muni hafa talsverð jákvæð áhrif á ferðamennsku því almennt fjölgar ferðamönnum þar sem gerðar hafa verið vegabætur.“

Þar segir einnig:

„Framkvæmdin mun hafa jákvæð áhrif á ferðaþjónustu á svæðinu, óháð veglínunum, því reynslan hefur sýnt að malarvegir draga úr áhuga ferðamanna til að skoða áhugaverða staði. Þegar nýir vegir með bundnu slitlagi koma í stað malarveganna eykst fjöldi

ferðamanna.”

Umhverfisstofnun telur að leggja eigi fram upplýsingar um það hvaða rannsóknir sýni að ferðamönnum fjölgi almennt í kjölfar vegabóta. Jafnframt væri æskilegt að gefið verði dæmi um fjölgun ferðamanna í kjölfar vegafremkvæmda.

Í frummatsskýrslu kemur fram að fleiri sumarhús eru í Hofsárdal en í Vesturárdal og eru nokkur þeirra utan alfaraleiðar í mikilli friðsæld. Því má telja að vegur samkvæmt Hofsárdalsleið muni hafa talsvert meiri neikvæð áhrif á sumarhúsaeygendur en vegur samkvæmt Vesturárdalsleið, jafnvel megi flokka áhrifin sem verulega neikvæð. Þá kemur fram í frummatsskýrslu að telja megi að Hofsárdalsleið Burstarfellsmeigin og Einarstaðameigin muni hafa veruleg neikvæð áhrif á útivistarmöguleika í Hofsárdal þar sem eru fornar leiðir. Áhrifin séu varanleg og óafturkræf. Aðrar veglínur hafi óveruleg áhrif á útivistarmöguleika á svæðinu.

Miðað við þær upplýsingar sem fram koma í frummatsskýrslu telur Umhverfisstofnun ljóst að Hofsárdalsleið hafi mun meiri áhrif á útivist en Vesturárdalsleið.

Hávaði og mengun

Nokkur íbúðarhús og sumarhús eru nærri fyrirhuguðu framvæmdasvæði. Umferðarhávaði vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar var því reiknaður út miðað við umferðarspár fyrir árin 2010 og 2025, sjá fylgiskjal 3 með frummatsskýrslu. Miðað við útreikninga verða ákvæði reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða uppfyllt. Fyrirhugaðar framkvæmdir við Norðausturveg til Vopnafjarðar munu því ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif hvað varðar hávaða.

Núverandi vegur

Í frummatsskýrslu kemur fram að sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps og landeigendur á svæðinu eru sammála Vegagerðinni um að núverandi vegur verði lagður af að stærstum hluta þegar nýr vegur hefur verið byggður *en hann verði látinn vera eins og hann er, ekki fjarlægður úr landinu*. Gert er ráð fyrir að fjarlægja stikur og skilti. Kaflinn um Burstarfellsbrekkur að útsýnisstað á Burstarfelli mun áfram verða á vegum Vegagerðarinnar en honum verður líklega aðeins haldið opnum að sumarlagi. Í frummatsskýrslu segir einnig: „*Vegurinn mun nýtast landeigendum til uppgræðslu sem unnið hefur verið að á svæðinu á undanförunum árum. Uppgræðslan er samstarfsverkefni landeigenda, sveitarfélags og Landgræðslu ríkisins. Vegurinn mun einnig nýtast mjög vel fyrir búfjársmölun og fyrir áhugamenn um útivist á svæðinu. Aðkoma að eyðibýlunum Arnarvatni, Kálffelli og Fossi er frá núverandi vegi á þeim kafla sem lagður verður niður. Að Arnarvatni er gangnamannakofi. Vegurinn mun draga verulega úr hættu á utanvegaakstri.*”

Umhverfisstofnun telur ekki óeðlilegt að vegur að útsýnisstað á Burstarfelli verði áfram opin og því ekki fjarlægður enda um að ræða veg sem m.a. nýtist ferðamönnum að sumarlagi. Stofnunin telur hins vegar að ekki liggi fyrir nægjanleg rök fyrir því að aðrir aflagðir vegkaflar verði ekki fjarlægðir. Í frummatsskýrslu kemur ekki fram hvernig vegurinn muni nýtast til útivistar eða til hvaða útivistar vísað er til. Þá verður ekki séð að aðkomuvegir að eyðibýlunum og gangnamannakofanum krefjist þess að ekki megi fjarlægja einhvern hluta núverandi vegar. Jafnframt bendir Umhverfisstofnun á að miðað við fyrirhuguð not af núverandi vegi ef hann verður látinn standa væri ekki óeðlilegt að gera þá kröfu að vegurinn verði lækkaður og hann gerður þannig að hann verði minna áberandi í landi.

Í frummatsskýrslu kemur m.a. fram að í mati á umhverfisáhrifum vegna fyrsta áfanga

vegarins, Norðausturvegur, Hringvegur – Brunahvammsháls, frá árinu 2000 hafi verið miðað við að þegar bráðabirgðavegurinn frá Hölkná upp á Brunahvammsháls yrði lagður niður yrði hann fjarlægður. Í frummatsskýrslu vegna þeirrar framkvæmdar kemur fram að við byggingu bráðabirgðavegarins verði öllu stórgrýti úr veglínunni komið fyrir í hrúgum á um 200-300 m fresti, á mörkum hreyfðs og óhreyfðs lands. Þegar vegurinn verði lagður niður verði efnið úr honum notað sem fyllingarefni við áframhaldandi vegagerð, reynt að slétta úr landinu eins og hægt er í samræmi við landslagið og dreifa síðan úr grjótinu yfir landið, þannig að línan í landinu verði sem minnst áberandi. Í frummatsskýrslu fyrir Norðausturveg til Vopnafjarðar kemur hins vegar fram að ekki stendur til að framfylgja þessu í tengslum við lagningu nýs vegar til Vopnafjarðar því þar segir m.a.:

„Í samtali við ofangreinda aðila kom fram að ekki mætti fjarlægja bráðabirgðavegin því hann væri nauðsynlegur til búfjármölnunar, landgræðslu og útivistar á svæðinu. Vegagerðin er sammála landeigendum og sveitarstjórn um að vegurinn fái að standa áfram. Mjög erfitt væri að nota efni úr honum til áframhaldandi vegagerðar, því hann verður notaður þar til nýr vegur er tilbúinn.“

Umhverfisstofnun vekur athygli á að vart getur talist ásættanlegt að vegur sem kynntur er sem bráðabirgðavegur í frummatsskýrslu og fjarlægja skal þegar endanlegur vegur verður lagður verði látinn standa áfram. Úrskurður um mat á umhverfisáhrifum Norðausturvegar frá Hringvegi á Háreksstaðaleið að Brunahvammshálsi byggðist á því hver yrðu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar að teknu tilliti til fyrirhugaðra mótvægisáðgerða, sem m.a. voru þær að bráðabirgðavegurinn yrði fjarlægður, sbr. umfjöllun í 4. kafla frummatsskýrslunnar (Fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir). Umhverfisstofnun telur að ekki verði séð að nauðsynlegt sé að falla frá framangreindum mótvægisáðgerðum. Hvað varðar áformuð not af veginum til búfjármölnunar, landgræðslu og útivistar telur stofnunin að sýna verði fram á hvers vegna vegurinn er nú talinn nauðsynlegur til þeirrar landnotkunar nú en ekki þegar frummatsskýrslan var lögð fram á sínum tíma. Þá telur stofnunin rétt að gerð verði grein fyrir hvernig staðið hefur verið að búfjármölnun, landgræðslu og útivist þau ár sem bráðabirgðavegurinn hefur verið í notkun fyrir almenna umferð.

Vöktun

Umhverfisstofnun vekur athygli á að í frummatsskýrslu er ekki lögð fram áætlun um vöktun. Fylgjast þarf með því hvort fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir beri tilætlaðan árangur en vöktun þarf jafnframt að leiða til þess að gripið verði til frekari mótvægisáðgerða ef þess gerist þörf. Í því sambandi bendir stofnunin á að fylgjast þarf með því hvort tilraunir með gegndræpt lag neðst í veginum sem lagður verður dragi úr neikvæðum áhrifum vegagerðar á votlendi. Ef valin verður Hofsaárdalsleið Burstarfellsmeigin mun Vegagerðin rækta upp jafn stóran skóg og þann sem tapast vegna framkvæmdanna. Umhverfisstofnun vekur athygli á að ef til þess kæmi þyrfti að fylgjast með árangri slíkrar ræktunar. Til að hægt sé að meta árangur af endurheimt skógræktar er nauðsynlegt að fylgjast með framvindu hennar í fjölda ára og meta árangur eftir 10-20 ár. Þá þarf að fylgjast með árangri af endurheimt gróðurlendis.

Niðurstaða

Náttúrustofa Austurlands lagði mat á verndargildi eða verðmæti svæða sem verða fyrir áhrifum af fyrirhugaðri vegagerð frá hringvegi og niður í Vopnafjörð og áhrif vegagerðarinnar á gildi þessara svæða. Greint er frá niðurstöðum þess mats í greinargerð náttúrustofunnar og í frummatsskýrslu. Í lokaorðum greinargerðar Náttúrustofu Austurlands segir:

„Gróðurfar er fjölbreytt á öllum veglínunum og þær liggja um fagurt og fjölbreytt landslag. Verndargildi Hofsaárdals felst einkum í lífríki Hofsaár, nokkuð fjölbreyttu fuglalífi og því að dalshlíðar og heiðalönd vestast á leiðinni eru hluti af stóru svæði sem hefur notið þess að

vera frekar óaðgengilegt og þar er m.a. heiðagæsavarp. Vegagerð um Hofsdalsleið myndi opna ný svæði og gengið er út frá að vegagerðin gæti haft áhrif á lífríki árinna og verðmæti hennar sem laxveiðiár. Verndargildi Vesturárdals felst einkum í miklum votlendum og vel grónum svæðum bæði á heiðum og í dalshlíðum, lífríki árinna og einnig staðbundnum fuglasvæðum t.d. heiðagæsavarp í inndölum. Vegagerð um Vesturárdal myndi skerða votlendi og bæta aðgengi að t.d. heiðalöndum. Ekki er reiknað með að vegagerð hafi áhrif á lífríki Vesturár eða leirur við botn Skógalóns.“

Umhverfisstofnun telur það liggja ljóst fyrir að Vesturárdalsleið um Búastaði muni hafa minnst umhverfisáhrif í för með sér þegar litið er til allra umhverfisþátta og fyrirhugaðra mótvægisáðgerða og sé því sá valkostur sem er ásættanlegastur út frá umhverfissjónarmiðum. Sú leið mun þó raska miklu votlendi /hallamýrum og því nauðsynlegt að mati Umhverfisstofnunar að leita leiða til að draga úr áhrifum framkvæmdanna á votlendi, s.s. með færslu veglína. Fylgjast þarf með því hvort mótvægisáðgerðir beri tilætlaðan árangur. Endurheimt votlendis er nauðsynleg en mun þó ekki leiða til þess að endurheimt verði sams konar votlendi og það sem raskast við framkvæmdina. Nauðsynlegt er að haft verði samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands um áðgerðir til að draga úr hugsanlegum áhrifum á fálka og að vöktuð verði áhrif framkvæmdanna.

Í niðurstöðukafla frummatsskýrslu segir m.a. að Vesturárdalsleið hafi engin veruleg neikvæð umhverfisáhrif en einnig að helstu neikvæðu umhverfisáhrif hennar séu mikil röskun á votlendi sem teljist til vistgerða sem ber að vernda skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir á að í þessu felst mótsögn því jafn mikið rask á votlendi og það sem raskast við lagningu vegarins hlýtur að teljast til verulegra neikvæðra umhverfisáhrifa. Með mótvægisáðgerðum má þó stuðla að því að þau áhrif verði ekki umtalsverð.

Umhverfisstofnun telur að Vesturárdalsleið um Hofsháls sé ekki ásættanleg út frá umhverfissjónarmiðum vegna þess hversu miklu votlendi sú leið raskar eða alls 111 ha og þar sem aðrir valkostir eru í boði sem raska minna af votlendi.

Hofsdalsleið mun hafa mest áhrif á fuglalíf, lífríki í ám, jarðmyndanir, útivist og landslag, sbr. umfjöllun hér að framan, auk þess sem Hofsdalsleið Burstarfellsmeigin raskar birkiskógi. Umhverfisstofnun telur að rask á birkiskógi geti ekki talist ásættanlegt ef aðrir raunhæfir valkostir eru fyrir hendi. Með lagningu vegar um Hofsdal verður tekið nýtt svæði undir veg og mun sú vegagerð skerða verndargildi svæðis sem Umhverfisstofnun hefur lagt til að verði friðlýst og rýra gildi Hofsar sem laxveiðiár. Umhverfisstofnun telur sú leið muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif þegar litið er til allra umhverfisþátta.


Umhverfisstofnun gerir athugasemdir við svokallaða Millidalaleið. Stofnunin telur að ekki hafi verið sýnt fram á nauðsyn þeirrar vegaframkvæmdar. Stofnunin bendir í því sambandi á að ekki eru sýndar umferðartölur fyrir Millidalaleið eins og aðrar leiðir, sbr. töflu 6.5.5 í frummatsskýrslu og umfjöllun í kafla 6.5 í skýrslunni. Að mati stofnunarinnar verður að sýna fram á að þessi leið sé nauðsynleg miðað við byggð á svæðinu og umferð þar um. Það votlendi sem raskast vegna lagningar vegarins er alls 11,8 ha af hallamýrum og er það töluverð viðbót við það votlendi sem raskast vegna vegar frá Brunahvammshálsi til Vopnafjarðar. Umhverfisstofnun telur því að of mikið rask verði á votlendi / hallamýrum samhliða lagningu Millidalaleiðar.


Umhverfisstofnun gerir athugasemdir við að ekki standi til að fjarlægja bráðabirgðaveg sem lagður var frá Hölkná upp á Brunahvammsháls og leggst af í kjölfar framkvæmdanna.

Stofnunin telur að ekki hafi verið sett fram fullnægjandi rök fyrir því að vegurinn verði látinn standa áfram og að fylgja eigi því eftir að ráðist verði í þær mótvægisáðgerðir sem tilgreindar voru í frummtsskýrslu vegna Norðausturvegar, Hringvegur – Brunahvammsháls.

Umhverfisstofnun minnir á að samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal leita umsagnar stofnunarinnar áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun vistkerfa sem njóta sérstakrar verndar skv. fyrrgreindum lögum.

Virðingarfyllt


Sigrós Friðriksdóttir
fagstjóri


Helgi Jónsson
forstöðumaður